

Ed. **576. Breytingartillögur** [57. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
C-liður 4. gr. laganna orðist svo:
til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega, þó aldrei lægri upphæð en 35 milljónir króna.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:
7. gr. laganna orðist svo:
Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegs-mál. Sameinað Alþingi kys á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í stjórn sjóðsins og fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjóðsins úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.
3. Við 2. gr. (verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.